

ÍTH nefnd - minnisblað

Auknar kynningar fyrir börn og unglunga af erlendu bergi brotnu

1. 1404353 - Börn innflytjenda, íþróttir og tómstundir

Vegna vísbendinga um að kynning á frístundum og frístundastyrkjum Hafnarfjarðar sé ábótavant er íþrótt- og tómstundafulltrúa falið að móta tillögur að auknu kynningarstarfi um frístundastarf í Hafnarfirði fyrir börn og unglunga af erlendu bergi brotnu fyrir næst fund nefndarinnar.

Þess ber að geta að við höfum ekki áður verið að spyrja unglunga almennt í Hafnarfirði um upplifun þeirra framboði og kynningum á tómstundastarfi. Því má jafnvel ætla að hluti þess hóps upplifi kynningar og framboð á tómstundum svipað og börn af erlendu bergi brotin. Því má ætla að hluti af þessum hugmyndum nýtist mun stærri hóp:

1. Fylgja þarf eftir og tryggja að ný heimasíða bæjarins verði með skýrar upplýsingar varðandi framboð á tómstundum. Upplýsingar verði einnig á pólsku og ensku.
2. Gott væri ef hægt væri að setja upp sérstaka síðu þar sem hægt er að finna upplýsingar um allt það frístundastarf sem boðið er upp á í Hafnarfirði. Þar væri líka hægt að hafa upplýsingar um frístundastyrkinn. Þessi síða þyrfti auðvitað að vera á fleiri tungumálum en íslensku.
3. Á sumrin er rekin lítill leitarvefur sem kynnir framboð á tómstundastarfi. Vænlegt væri að hafa hann heilsárs og á fleiri tungumálum en íslensku. Slíkt verkefni kostar einhverja vinnu og viðbætur við tölvukerfið auk kostnaðar við þýðingar.
4. Verið er að uppfæra Noraskráningarkerfi bæjarins. Upp úr áramótum mun notkun á frístundastyrknum verða rafrænni og tengjast Nora skráningarkerfinu. Á heimasíðu bæjarins verður mun aðgengilegra en áður allt framboð á tómstundum og íþróttum sem tengjast niðurgreiðslu bæjarins á frístundakostnaði. Þar mun foreldrum og börnum veitast auðveldar en áður að skoða og finna viðeigandi frístundastarf. Óljóst er með þýðingar á þessu.
5. Setja upp sérstaka auglýsingatöflu í hverjum skóla sem væri eingöngu hugsuð fyrir auglýsingar um frístundastarf (plaköt á ýmsum tungumálum). Umsjón með þessu verkefni yrði í höndum félagsmiðstöðva.
6. Sumarverkefni 2016. Kynningarmyndband um íþrótt- og tómstundastarf í Hafnarfirði. Unnið af áhugasömum ungmennum (með erlendan bakgrunn). Höfum fengið viljrði gagnvart styrk í þetta. Ungmennin yrðu á launum hjá Vinnuskóla og fengu tæki og aðstöðu í Músík og mótör.
7. Það vantar grunkynningarbækling um íþrótt og tómstundir í Hafnarfirði sem nýtist öllum og þyrfti hann að vera á nokkrum tungumálum. Kostnaður er takmarkaður.



Geir Bjarnason, íþrótt- og tómstundafulltrúi Hafnarfjarðar